

Kæri MH-ingur

Nú hefur próftaflan verið birt á heimasíðu MH og er mánudagur 4. maí fyrsti prófdagur. Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði í lokaprófum og við tökum tillit til þess.

Eftirfarandi stendur ykkur til boða sem eigið greiningar af einhverjum toga, hafið vottorð frá lækni /sálfræðingi eða eruð í reglulegu sambandi við náms- og starfsráðgjafa MH.

Í MH er m.a. hægt að biðja um:

- að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal
- lesblindir nemendur geta fengið lituð prófblöð eða prófið á hljóðskrá
- að taka próf í námsveri (gildir um þá sem hafa sótt námsver reglulega)
- önnur sérúrræði í viðtali við námsráðgjafa

Koma þarf til námsráðgjafa og sækja um sérúrræði í prófum fyrir páska eða í síðasta lagi 27. mars.

Ekki verður skráð í stofur/ eftir þann dag.

Athugið að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma, aðeins lituð blöð, upplestur eða kennslustofu (hámark 14 nem.)

Ef þið eruð með 2 próf á sama degi er hægt að óska eftir frestun á öðru þeirra sem færist þá yfir á sjúkraprófs dag. Þetta er gert hér <https://www.mh.is/is/namid/prof/breytingar-a-proftoflu>.

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við náms- og starfsráðgjafa MH.

Kv. Fríður, Hafdís og Sígga Birna náms- og starfsráðgjafar MH